

## **Tillaga skóla- og frístundaráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins**

Skóla- og frístundaráð leggur til að Úlfarsárdalurinn verði valinn sem einn af þeim fimm stöðum sem taka þátt í tilraunaverkefni um LED gangbrautir sem felur í sér að tæknibúnaður skynjar þegar gangandi vegfarendur nálgast gangbraut og kveikir þá LED götulýsingu þannig að einungis gangbrautin og sá sem fer yfir verða lýstir upp. Jafnframt kviknar lýsing í gangbrautarmerkinu og viðvörðunarljós fyrir akandi umferð.

### **Greinargerð:**

Löngu tímabært og brýnt er að bæta umferðaröryggi í úlfarsárdalnum og þá sérstaklega við Dalskóla þar sem engar merktar gangbrautir eru og lýsing er slæm. Auk þess sem börnin þurfa að fara yfir mikla umferðargötu þar sem hámarkshraðinn er 60 km og strætó ekur um.

Nú þegar er umferð mikil á þessu svæði og á eftir að aukast enn meira þegar íþróttahús, sundlaug og menningarmiðstöð verða tekin í notkun. Til að flýta fyrir úrbótum og tryggja betur umferðaröryggi skólabarna í hverfinu er lagt til að áhersla verði lögð á að Úlfarsárdalurinn verði einn af þeim fimm stöðum sem valdir verði í tilraunaverkefnið með LED gangbrautir.